

ÍSAN1BT05(FB)

Búið til: Wed, 27 May 2015 19:39:44 GMT

Titill

Íslenska sem annað mál - II

Skammstöfun

ÍSAN1BT05(FB)

Útgáfunúmer

9

Námsgrein

Íslenska sem annað mál

Viðfangsefni

hlustun, lestur, ritun, tal

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

FB

Lýsing

Áfanginn er seinni byrjunaráfangi í íslensku fyrir tvítyngda nemendur sem hafa takmarkað vald á íslensku. Viðfangsefni undanfarans eru rifuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun. Bætt er við orðaforða og nemendur þurfa í auknum mæli að tjá sig munnlega auk þess sem textar verða smám saman lengri og þyngri. Nemendur læra að tjá sig við fjölbreyttari aðstæður eins og t.d. í verslun, tjá sig um áhugamál sín og um liðna atburði. Stuðst verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem tekið er mið af markmiðum áfangans. Áhersla verður á grunnatriði málfræðinnar og þjálfður verður framburður á stuttum setningum og orðum. Áfanginn raðast á A2 samkvæmt Evrópsku tungumálamöppunni (ETM).

Forkröfur

ISLA1BE05 og ISLA1MT05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta markmiðum áfangans
- grundvallarþáttum íslenska málkerfisins
- nærumhverfi sínu og geta talað um áhugamál sín á íslensku
- einföldum samskiptum og tjáningu í mæltu og rituðu máli

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt, t.d. einfaldar leiðbeiningar, fyrirmæli og stuttar frásagnir
- lesa texta af ýmsu tagi sem tengjast námsefninu og vinna úr þeim á mismunandi hátt eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- nota meginreglur í málfræðinni sem kenndar eru í áfanganum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega um efni sem hann þekkir
- geta skilið einfalt talað mál
- geta skilið einfalda skriflega texta

Námsmat

geta skilið einfalda skriflega texta.

Skólar**Fyrirmynd**